



Grófin Geðrækt

Ársskýrsla 2022

Efnisyfirlit

Ávarp Ingu Mariú Ellertsdóttur, fráfaraandi stjórnarformanns Grófarinnar Geðræktar	3
Stjórn Grófarinnar	5
Mannaflí	6
Um Grófina Geðrækt.....	6
Þróun Grófarstarfsins	7
Tölulegar upplýsingar	7
Gæðamál – notendakönnun mars 2023	8
Grunnupplýsingar.....	8
Helstu ástæður þátttöku í Grófarstarfinu	10
Nýtni mismunandi tegunda hópastarfs og ráðgjafa/stuðningssamtala	11
Hvaða máli skiptir stuðningurinn sem fólk fær í Grófinni geðrækt?	13
Vinnutengd markmið þátttakenda	16
Hvað vantar í Grófina?	17
Innra starf	17
Hópastarf og fræðsla fyrir þátttakendur	18
Unghugastarfið	18
Erasmus	19
Unnið að forvörnum og dregið úr fordómum gagnvart fólki með geðraskanir.....	19
Geðfræðsla í skólum.....	19
Vefmiðlar og greinaskrif	20
Samstarf og samvinna	20
Rekstur Grófarinnar.....	21
Opinberir styrkir	21
Styrkur frá Virk og Norðurorku	21
Ýmsir styrkir	21
Úr ársreikningi Grófarinnar.....	22
Lög Grófarinnar (mars 2021)	24

Ávarp Ingu Maríu Ellertsdóttur, fráfaranndi stjórnarformanns Grófarinnar Geðræktar

Árið 2022 var svo sannarlega viðburðaríkt og spennandi og frá mörgu að segja en mig langar að stikla á stóru með ykkur yfir nokkur verkefni Grófarinnar á árinu.

Árið hófst með látum en Slippfélagið gaf Grófinni málningu til þess að hressa upp á “lúkkið” og því fóru fyrstu dagar ársins mikið í málningarvinnu og tiltekt en því miður raskaðist svo starfsemin enn og aftur v. covid 19 en þó ekki mjög lengi að þessu sinni. Í febrúar fór á fullt aftur og ný stundartafla tók gildi með fullt af flottum dagskrárliðum þar sem fólk gat ræktað sitt geð á ýmsa vegu. Þann 17. febrúar var Þorablót Grófarinnar haldið með pompi og prakt. Það var vel sótt með um 35 gestum. Í byrjun mars var öskudagur og fullt af flottum krökkum og fylgdarliði í búningum heimsótti Grófina söng og fékk gotterí fyrir. Í lok mars var Aðalfundur Grófarinnar haldinn þar sem kynnt var ný stjórn og farið yfir liðið ár og ársreikning, svipað og nú. Undirrituð sat áfram annað kjörtímabil sem stjórnarformaður en nokkrar breytingar urðu á stjórnarskipan og gengu þær vel. Með sveitastjórnarkosningar framundan fóru einhverjir stjórnmalaflokkar að kíkja í kaffi og í apríl og maí fengum við m.a. góðar heimsóknir frá Framsókn og Samfylkingunni ásamt Guðmundi Inga félags- félags og vinnumarkaðsráðherra og fylgdarliði frá Vinstri Grænum. Í lok maí varð hún Pálína okkar fimmtug og höfðu Grófarfélagar virkilega gaman af því að koma henni á óvart með heljarinnar veislu eftir mikið leynimakk dagana á undan. Skemmtilegur viðburður og góð stund þar sem allir lögðust á eitt. Gott dæmi um hvers við erum megnug þegar við hjálpumst öll að.

Í júní fór Inga María stjórnarformaður, af stað með hreyfiáskorunina “Grófin gengur Hringinn” þar sem þátttakendur, gengu, hlupu eða skokkuðu lengd hringvegsins með viðbótarskreppi út í Grímsey. Þetta gekk mjög vel. Við lögðum af stað 17.júní og kláruðum árskorunina í byrjun ágúst.

Þann 23.júní var haldið sumargrill Grófarinnar á Hömrum þar sem voru grillaðar pylsur af öllum stærðum og gerðum, spilað og sungið og haft gaman saman. Ekki var veðurbliðan í liði með okkur þetta sumarið en þá kom sér vel að hafa hlöðuna góðu.

Í júlí var svo Grófin lokuð í 4 vikur og opnaði á ný eftir Versló. Um mánaðarmótin ágúst/sept voru svo teknir starfsdagar og ný og spennandi dagskrá sett saman fyrir haustið. Samhliða nýrri dagskrá var svo tekinn upp sá nýi siður að láta alla fara úr útiskóm við komu í Grófina og kann ræstitæknir Grófarinnar því vel.

Þann 10.október á Alþjóða geðheilbrigðisdaginn fagnaði Grófin 9 ára afmæli sínu með opnu húsi í húsnæði Grófarinnar og þar fengum við marga góða gesti í heimsókn.

Í desember var okkur boðið í síðbúið tvítugsafmæliscaffi Lautarinnar, sem reyndar var 22ja ára þenna dag og fór héðan góður hópur. Einnig var ákveðið að gera

vel við okkur eftir erfið ár með því að fara á jólahlaðborð á Hótel Kea. Grófin niðurgreiddi miðaverð fyrir Grófarfélagi sem áttu þar góða samverustund. Jólauppbrot í desember bauð upp á allskyns viðburði sem fólk nýtti sér og milli jóla&nýárs var skellt í Pálínu-jólaboð þar sem félagsmenn gátu boðið með sér sínum nánustu. Góður hópur tók sig til og rúllaði upp annarri hreyfiáskorun; á Pólinn fyrir Jólin með stæl og er nú sem stendur á leið þaðan til Færeyja í næstu áskorun.

Grófin Geðrækt heldur áfram að vaxa og dafna og hefur náð að gera slíkt þrátt fyrir erfiða tíma síðastliðin þrjú ár. Sá tími hefur þó enn og aftur minnt okkur á mikilvægi þess að rækta geðheilsuna samhliða þeirri líkamlegu. Og hér eru tækifærin til þess.

Það er alltaf gaman að sjá fólk stíga skref í átt að bata og valdeflingu t.d. með því að prófa sig áfram með hópastarf eða taka að sér minni verkefni og viðburði, t.d. aðstoða í húsi, taka kaffivaktir eða fundarstjórn. Munum það líka að bataferli er ekki bein lína. Bati er allskonar. Og bati er alltaf mögulegur. Engum er óviðbjargandi. Við höfum öll sama réttinn til betra lífs og réttinn á hjálp við að ná því takmarki.

Mig langar að þakka bæði stjórn og starfsfólki innilega samstarfið. Það hefur verið einstaklega gefandi að vera stjórnarformaður sl. 2 árin, lærdómsríkt og jú, stundum erfitt en ég get svo sannarlega hugsað mér að koma aftur tilbaka síðar. Að fá að vera fulltrúi Grófarinnar út á við þegar maður er jafn stoltur af starfinu sem þar er unnið og ég er, jafn stoltur af fólkinu í Grófinni sem vinnur lítil kraftaverk á hverjum degi þá er bara eitt orð sem kemur upp í hugsann: Forréttindi. Það hafa svo sannarlega verið forréttindi að fá að kalla mig stjórnarformanninn ykkar.

Ég óska nýrri stjórn og nýjum formanni Sigurjóni Þórssyni, velgengni í starfi og hlakka til að sjá hvað framtíð Grófarinnar ber í skauti sér.

Stjórn Grófarinnar

Aðalstjórn kosin á aðalfundi í mars 2022

- Sigurjón Þórsson, formaður og tengiliður gjaldkera
- Lilja Jónsdóttir, varaformaður
- Elín Ósk Arnarsdóttir, ritari
- Emma Agneta
- Sonja Rún Magnúsdóttir, meðstjórnandi

Varamenn


- Sólrún Óladóttir
- Brynjólfur Ingvarsson
- Gréta Baldvinsdóttir
- Fjörnir Helgi Sævarsson
- Anna Sjöfn Jónasdóttir, er gjaldkeri (utan stjórnar)



Frá vinstri, fremri röð: Gréta, Lilja, Elín
Aftari röð: Sonja, Sigurjón, Brynjólfur, Emma
Á myndina vantar Sólrúnu og Fjörni.

Mannaflí

Í lok árs taldi launað starfsfólk Grófarinnar samtals 6 manns, sem að meðaltali höfðu verið í 2,94 stöðugildum og hafa stöðugildin aldrei verið fleiri sem er í takt við aukna í aðsókn og aukna fjölbreyttni í starfsemi í. Á mynd 1 má sjá þróun stöðugilda í Grófinni frá árinu 2015 til ársins 2022. Síðustu 2 árin hefur stöðugildum fjölgað, mest gegnum ráðningar á vinnusamninga sem hluta af endurhæfingarferli og er sú aukning í takt við fjölgun þátttakenda (sjá mynd 2) og aukna áherslu Grófarinnar á að nýta starfið til að gefa fólki fjölbreytt tækifæri á hlutverkum eftir markmiðum þeirra.



Þrír starfsmenn hafa verið allt árið 2022 í sama starfshlutfalli en hjá hinum þremur hafa samningar verið tímabundnir og prósentu misjöfn eftir tímabilum. Megnið af árinu voru 5 í starfi í að jafnaði en um haustið kom til starfa Agnes Ýr, nýútskrifaður iðupjálfi. Starfandi frá þeim degi, í eftirfarandi starfshlutföllum voru þá:

Mynd 1

Pálína Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri og iðupjálfi	= 100% staða
Sonja Rún Sigríðardóttir, verkefnastjóri unghuga og kynningamála	= 60% staða
Friðrik, jafningjaráðgjafi, samningur VMST	= 33,33% staða
Hulda Berglind, listgreinakennari/jafningjaráðgjafi, samningur VMST	= 45% staða
Agnes Ýr Aðalsteinsdóttir, iðupjálfi, samningur VMST	= 50% staða
Anna SjöfnJónasdóttir, löggildur bókarí, samningur VMST	= 20% staða

Um Grófina Geðrækt

Grófin Geðrækt var stofnuð þann 10. október 2013 og er rekin af samnefndum frjálsum félagasamtökum. Grófin er geðræktarstaður fyrir fólk 18 ára og eldri, sem hefur upplifað geðræna erfiðleika og vill vinna að bata með jafningjum í samvinnu við fagfólk Grófarinnar og reynda notendur. Engar tilvísanir þarf til að stunda Grófina og er þátttaka gjaldfrjáls. Grófin hefur þá sérstöðu að vera eina úrræðið á Norðurlandi eystra sem er notendastýrt. Grófin er einnig vettvangur fyrir aðstandendur og annað áhugafólk um geðrækt og geðheilbrigði.

Tilgangur Grófarinnar er að efla geðheilsu með geðrækt og draga úr fordómum gagnvart fólki með vanda af geðrænum toga. Í Grófinni er unnið með hugmyndafræði valdeflingar (empowerment), batanálgu (recovery) og jafningjanálgu (peer to peer) til að skapa gott batasamfélag þar sem vonin er leiðarljós starfsseminnar með eftirfarandi markmiðum:


- Grófin geðrækt veiti fólki tækifæri á hlutverkum til sjálfseflingar, aukinnar virkni og bættra lífsgæða gegnum ýmiss konar virkni, hópastarf og fræðslu.
- Grófin geðrækt dragi úr fordómum og vinni að forvörnum gegnum geðfræðslu í nærsamfélaginu og á vefmiðlum.
- Grófin gerækt miðli þekkingu og reynslu af bata og bataferli til geðræktar gegnum innra starf staðarins.
- Grófin geðrækt efli samvinnu milli allra þeirra sem vinna að geðheilbrigðismálum og efli batamiðaða þjónustu.

Um hugmyndafræðina sem leiðir starfið má lesa á www.grofinak.is

Þróun Grófarstarfsins

Tölulegar upplýsingar

Grófin var opin þátttakendum flesta virka daga ársins, utan júlímánaðar þar sem lokað var í 4 vikur vegna sumarfría. Opnunartími var lengst af 10-16 en einnig var á haustdögum gerð tilraun með að opna 9:30 um tveggja mánaða skeið vegna dagskrárliða sem byrjuðu kl.10 Einnig var áfram hópastarf á dagskrá utan formlegs opnunartíma 3-4 daga vikunnar . Heimsóknir voru 5658 þá 11 mánuði ársins sem opið var og er það rétt tæplega 1000 fleiri heimsóknir en 2021. Meðaltal daglegra heimsókna var 24,57 ef frá er talinn júlí en þá var



lokað í Grófinni.

Fjöldi í notendahópi hélst á svipuðu róli þó nýjir kæmu og aðrir færu og er í dag 164. Það ber að nefna að töluvert af fólki nýtir þjónustu Grófarinnar án þess að skrá sig inn í þann hóp en það er fólk sem kemur í stuðningsamtöl, opið hópastarf t.d. frá Sak og á viðburði eða annað sem krefst þess ekki að ganga í lokaða hópinn okkar á facebook. Tölurnar sem hér er vitnað í eru fengnar upp úr gestabók Grófarinnar og ætla má að fjöldinn sé því meiri en tölurnar sýna.

Mynd 2.

Á árinu héldum við áfram að skrá niður þátttöku í hópastarfinu öllu og er það skráð í þar til gert excelskjál. Með þessu móti getum við skoðað þróunina í hópastarfinu almennt og einstaka hópum næstu árin sem nýtist við rýningu starfsins. Í hópastarf árið 2022 eru skráðar 4739 mætingar sem er aukning um 1309 mætingar frá árinu áður sem þýðir ennfremur að 83 % mættara nýta sér hópastarf af einhverju tagi. Það þykir okkur ánægjuleg þróun og í takt við markmiðið að veita fólki sem flest mismunandi tækifæri innan Grófarinnar til að vinna í bataferlinu. Skráningin gefur okkur líka innsýn inn í hvernig hópur þróast og hvaða hópar stækka hraðar en aðrir og hverjir bætast við svo eitthvað sé nefnt.

Þegar litið er yfir farinn veg í tölulegu samhengi er ekki auðvelt að bera saman heildarfjölda heimsóknna og hópstarfsþátttöku þar sem skráningar upp úr gestabók frá fyrri árum eru mismikið unnar og kannski ekki beitt sömu aðferð við útreikninga meðaltals til að mynda. Þó má finna meðaltalstölur daglegra mætinga sem gefa okkur einhverja mynd af þróun þess. Mynd 2 sýnir glögg COVID-lægðina 2020 en einnig hve vel hefur tekist að rétta úr kútnum næstu tvö ár á eftir. Lögð var áhersla á tækifæri í starfsseminni, stöðugleika og fjölbreytta dagskrárliði sem sjálfbóðaliðar, jafningjaráðgjafar á vinnusamningum og fagaðilar hafa séð um jöfnum höndum. Einnig hefur samstarf við úrræði með tengda starfssemi lukkast vel og skilað sér í betri nýtingu Grófarinnar.

Gæðamál – notendakönnun mars 2023

Notendakönnun Grófarinnar Geðræktar var lögð fyrir 1.-10. október 2023. Hún var rafræn og send öllum Grófarfélögum í facebook-hópnum Grófarfélagar í skilaboðum og auglýst á töflu í Grófinni. Grófarfélögum sem ekki eru með facebook var boðið að fylla út könnuna í Grófinni og fá aðstoð við tæknimálin. Ekki var gefinn kostur á því að aðrir sem nýta Grófina og eru ekki skráðir Grófarfélagar svöruðu könnuninni þar sem mikilvægt var að fólk sem svaraði þekkti starfið og hefði stundað Grófina um nokkurra vikna skeið amk. Könnunin var nafnlaus og órekjanleg en hún var sett upp af Breka Arnarsyni sem ráðinn var í að vinna úr niðurstöðum fyrir Grófina.

Tilgangur könnunarinnar var að rýna starfið, bæta það og til að afla upplýsinga um gagnsemi og mikilvægi starfsins sem fram fer í Grófinni dagsdaglega en einnig til að skoða samsetningu hópsins og í hvaða tilgangi fólk nýtir sér Grófina, og hvernig. Þáttakendur voru því beðnir að svara út frá þátttöku sinni á árunum 2021-2023. Þeir voru því spurðir bakgrunnsspurninga, m.a. varðandi tegund framfærslu, aldur, kyn og tíma þeirra í Grófinni. Þær upplýsingar voru svo annars vegar notaðar til að skoða hverjir væru að nýta Grófina sem endurhæfingu samhliða öðrum úrræðum í þeim tilgangi að fara aftur til vinnu eða viðhalda geðheilsu eftir að komið er aftur út á vinnumarkað. Hins vegar hverjir væru að nýta Grófina sem lífsgæðaaukandi batasamfélag og stuðningsúrræði. Ljóst er þó að til að fá betri mynd af því þyrfti að spyrja fleiri og nákvæmari spurninga varðandi það í hvaða tilgangi fólk komi í Grófina og gæti það verið gagnlegt upp á frekari framþróun Grófarinnar.

Könnunin er undanfari stefnumótunar sem stendur til að Grófarfélagar fari í en einnig er nauðsynlegt að hafa upplýsingar sem þessar fánlegar fyrir þjónustusamningsveitendur þar sem Grófin Geðrækt er rekin af samnefndum félagasamtökum með fjárframlögum ýmissa styrkja og gegnum þjónustusamninga.



Grunnupplýsingar

Í Grófarfélagahópnum eru um 160 einstaklingar, þar af oftast á bilinu 70-100 virkir á hverjum tíma og fer fjöldinn svolítið eftir árstíma. Ekki eru allir sem koma í Grófina skráðir Grófarfélagar en nýta þó Grófina gegnum dagskrárliði eins og virknihorn, kínaskák og


sönghóp svo dæmi séunefnd. Þarna er meðal annars um að ræða fólk af göngudeild Sak, félagar í Kór fyrir alla og fólk sem kemur í stöku stuðningssamtöl.

Af handahófi var valið mánaðar tímabil 1.9.-1.10.2023 til að telja hve margir einstaklingar væru að mæta í Grófina. Á því tímabili skráðu alls 98 einstaklingar sig í gestabók Grófarinnar sem vel flestir eru Grófarfélagar en til viðbótar við þessa 98 skráðu sig 20 einstaklingar sem eru fagaðilar, iðjuþjálfanemar eða kórfélagar í Kór fyrir alla. Alls tóku 49 einstaklingar úr hópnum Grófarfélagar þátt í könnuninni. Þar af voru 33 konur, 15 karlar og einn einstaklingur sem merkti við annað. Meðalaldur þeirra sem svöruðu könnuninni var 44 ár.

Tólf einstaklingar voru 30 ára og yngri og tilheyra því hópi unga fólksins sem sækir Grófina og er það um 25% þeirra sem svöruðu könnuninni.




Einstaklingar mættu að meðaltali 2.5 sinnum í viku í Grófina. Langflestir einstaklinganna sem svöruðu könnuninni höfðu stundað Grófina í 2 ár eða styttra, eða 75% svarenda enda sérstaklega leitað eftir því í formála könnunar að svarendur hefðu nýtt Grófina árin 2021-2023. Meðaltal svarenda í heild var tæplega 3 ár




Spurt var um framfærslu einstaklinga til að greina frekar hve stórt hlutfall svarenda væri mögulega að nýta Grófina í þeim tilgangi að vinna að því að komast aftur á vinnumarkað eða eru í starfi eða jafnvel þegar komnir á vinnusamning. Styrkveitendur, einkum aðilar frá hinu opinbera, vilja gjarnan vita hvort Grófin sé nýtt af þeim sem eru í vinnu eða með það að markmiðið að fara aftur til vinnu og því skiptir máli að skoða þetta.

Framfærsla einstaklinga reyndist nokkuð dreifð. Flestir voru þó á örorku eingöngu eða 23, en næst flestir á vinnusamningi þar sem þeir fengu tekjur af launaðri vinnu á móti bótum/lífeyrisgriðslum. Fjöldi þeirra sem voru í launuðu starfi að hluta eða öllu leyti var 19 á móti 30 sem voru þá á örorku, endurhæfingarlífeyri eða atvinnuleysisbótum.



Helstu ástæður þátttöku í Grófarstarfinu


Hér er skoðað hvort framfærsluþátturinn skipti máli hvað varðar tilgreinda aðalástæðu þess að fólk sæki Grófina. Skiptingin var þannig að 37% þátttakenda í könnuninni var að hluta eða öllu leyti í launuðu starfi en 63% á einhvers konar bótum/lífeyrisgriðslum.




Þegar rýnt var betur í helstu ástæðu þess að þátttakendur sæki Grófina og það flokkað eftir hvort fólk sé í launuðu starfi eða sé einungis með bætur/lífeyrisgreiðslur má helst sjá þann mun að færri nefna félagslegan stuðning séu þeir í launuðu starfi frekar en á bótum eða lífeyrisgreiðslum. Örlítinn mun má sjá hvað varðar að sækjast eftir hlutverkum til sjálfseflingar og að auka úthald og getu til vinnu hjá hóp launþega sem flestir svara því til að þeir nýti Grófina til að viðhalda eða bæta geðheilsu. Leiða má líkum að því að sá hópur sæki tilsvarendi meira í formlega geðræktarhópa og sést það einnig á myndunum tveimur hér á næstu blaðsíðu þar sem virkni eftir hópum er skoðuð í annars vegar og svo virkni eftir hópum eftir því hvort þátttakendur eru á vinnumarkaði eða ekki.

Nýtni mismunandi tegunda hópastarfs og ráðgjafa/stuðningssamtala

Þegar einstaklingar voru spurðir hvaða hópastarf/úrræði þau hefðu verið að nýta sér voru flestir sem völdu Geðræktar-hópastarf eða alls 29 en það eru 68% svarenda. Virkni hópastarf var einnig nýtt af rétt tæplega helmingi svarenda. Stuðningssamtöl/ráðgjöf og hreyfitengda dagskrárliði nýttu tæp 35% svarenda. Athugið að einstaklingar gátu valið fleiri en einn valkost.



Þegar virknin var skoðuð m.t.t. ofangreindrar skiptingar svarenda í flokkana tvo, launað starf að fullu eða hluta til eða þá sem hafa framfærslu af bótum/lífeyrisgreiðslum eingöngu, má sjá að tilsvarendi fleiri eða 63% þeirra sem eru í launuðu starfi nýta geðræktarhópa á móti 50% hópsins sem er eingöngu með lífeyri/bætur. Þegar hlutfall þeirra sem nýta virknitengda dagskrárliði er reiknað kemur í ljós að 33% bótahópsins nýtir þau móti 47% þeirra sem eru í launuðu starfi.




Aftur á móti nýta töluvert færri einstaklingar sem eru í launuðu starfi stuðningssamtöl og ráðgjöf eða 15% svarenda á móti 37% þeirra sem hafa framfærslu af lífeyri/bótum eingöngu. **Hlutfallslega var munurinn á nýtingu hópanna mestur í þátttöku á hreyfitengdum dagskrárliðum en 42% þeirra sem hafa launað starf nýta hreyfitengda dagskrárliði á móti 10% þeirra sem hafa framfærslu af bótum/lífeyri eingöngu.**

Af þessu má draga þá ályktun að fjölbreytt virknistarf og hreyfing sé mikilvægt að hafa í starfi Grófarinnar, ekki síst fyrir þá sem eru í virkri endurhæfingu og stefna á vinnumarkað eða eru að hluta á vinnumarkaði. Geðræktarhópar virðast samkvæmt niðurstöðum mikilvægir

báðum hópunum en stuðningsamtöl og ráðgjöf er mun meira sótt af þeim hópi sem er ekki í virkri endurhæfingu eða hefur ekki fastan ráðgjafa annarsstaðar í kerfinu.

Hvaða máli skiptir stuðningurinn sem fólk fær í Grófinni geðrækt?




Þegar spurt var út í hvort sá stuðningur sem þátttakendur hafa fengið í Grófinni hafi á einhverjum tímapunkti komið í veg fyrir að leita hafi þurft til læknis/bráðapjónustu svöruðu **33 af 47 einstaklingum því játandi en það eru 70% svarenda.**


Ef skoðað er hve oft að meðaltali einstaklingar mæta í Grófina sem segja að Grófin hafi komið í veg fyrir þörf á læknis/bráðapjónustu má sjá að þeir sem svara spurningunni játandi mæta oftar (2.64 sinnum í viku) en þeir sem svara spurningunni neitandi (1.86) sem gæti bent til þess að aukin virkni í Grófarsamfélaginu dragi úr þörfinni fyrir læknis- eða bráðapjónustu.




28 einstaklingar af þeim 47 sem svöruðu spurningunni um hvort sá stuðningur sem þau hafa fengið í Grófinni hafi dregið úr þörfinni fyrir önnur geðúrræði sögðust sammála eða mjög sammála því. Það eru **60%** svarenda könnunarinnar.



Í Grófinni er lagt mikið upp úr því við hópstjóra og starfsmenn að vera fólki góður stuðningur við þátttakendur í sinni batavinnu. Unnið er eftir siðareglum Grófarinnar en þær má finna á heimsíðunni: www.grofinak.is. Þegar spurt var hvort einstaklingurinn hafi fundið fyrir stuðningi og hvatningu frá sjálfboðaliðum/hópstjórum svöruðu 43 eða **91% svarenda** að þeir væru sammála eða mjög sammála.




Einnig svöruðu **43 eða 91% því játandi** að það hafi fundið fyrir stuðningi og hvatningu frá starfsfólki Grófarinnar.



Vinnutengd markmið þátttakenda

Í ljósi þess að oft er erfitt fyrir fólk að fá tækifæri til að starfa í hlutastörfum eða komast á vinnusamning á hinum almenna vinnumarkaði er mikilvægt að hægt sé að vinna sjálfboðavinnu í Grófinni, bæði óformlega og formlega eftir því sem fólk kýs. Grófin hefur veitt fólk tækifæri á sjálfboðaliðsstarfi gegnum formlega samninga, bæði gegnum Starfsendurhæfingu Norðurlands en líka ráðgjafa Grófarinnar, en flestir hafa þó unnið sjálfboðavinnu gegnum dagskrárliði eða viðburði og umsjónarvaktir í Grófinni. Þegar spurt var hvort svarendur hafi unnið sjálfboðavinnu svöruðu 47% þeirra 49 einstaklinga sem svöruðu könnuninni því játandi. Hinn hlutinn eða 51% hafa þá nýtt sér Grófina gegnum dagskrárliði eða stuðningssamtöl og ráðgjöf.



Spurt var hvort þátttaka í Grófarstarfinu hafi aðstoðað þá við að komast aftur út á vinnumarkað. 20 af þeim 48 sem svöruðu spurningunni sögðust vera **sammála eða mjög sammála og eru það 40% svarenda**. Er litið var á bakgrunnsupplýsingar varðandi hvaðan framfærsla fólks kemur má sjá að 16 af þeim 25 (64% þeirra) sem svöruðu spurningunni með hvorki né voru á örorkulífeyri og því má leiða líkum á að mörg hver eru líklega ekki að undirbúa sig undir að komast aftur út á vinnumarkaðinn þegar könnunin var lögð fyrir heldur eru önnur batamiðuð markmið í forgrunni hjá þeim hópi fólks. Þess ber að geta að ekki er sérstakur atvinnumiðaður dagskrárliður í Grófinni og hefur ekki verið, heldur hefur verið leitast við að veita þeim tækifæri sem eftir því leita að nýta Grófina á starfstengdan hátt. Mögulega væri hægt að gera þann þátt skýrari með því að vera með sérstakan vinnumiðaðan hóp sem áhugasamir gætu þá tekið þátt í að móta.

Hvað vantar í Grófina?

Að lokum gafst fólki gafst á að segja hvað það vildi gjarna sjá bætt við í Grófarstarfið og voru svörin eftirfarandi:

- Fiskarbúr x 2
- Meira af hreyfingu t.d. joga, leikfimi, göngu og slíku
- 3x oftari hugleiðslu
- Meiri fræðslu um andleg veikindi
- Being more inclusive towards foereigners
- Betra húsnæði x2
- Meiri tengsl við dagþjónustu Sels á Sak sem næsta skref út í lífið
- Stjórnendur mættu vera meira með notendum
- Leshring eða námskeið í ýmsum áhugaverðum fræðum .td. sagnfræði, tungumálum eða þjóðlegum fræðum
- Að notendur séu valdir betur inn í Grófarstarfið
- 2x Meira fé svo hægt sé að stækka Grófina og sjá hana blómstra

Farið var yfir niðurstöður könnuninnar í heild á aðalfundi Grófarinnar Geðræktar þann 23.3.2023. Niðurstöður gefa til kynna að fólk nýti sér Grófarstarfið á fjölbreyttan máta, bæði í bataferli endurhæfingar, til að verða virkur, bæta geðheilsu og auka lífsgæði almennt og til að vinna að vinnutengdum markmiðum. Í starfinu er stuðningur í ýmsu formi lykilatriði. Það er ljóst af svörum þátttakenda að starfsemin styður við önnur úrræði í okkar samfélagi og getur á ögurstundu verið það sem hjálpar einstaklingi í gegnum erfiðleika ekki bara vegna þess sem þar býðst heldur líka vegna þess að þar er opið samfélag jafningja og fagaðila þar sem ekki þarf að panta tíma. Slíkt úrræði er samfélagsbætandi ekki síður en fjárhagslega hagkvæmt fyrir samfélagið enda eru fá úrræði hér norðan heiða sem kosta jafnlítið og Grófin Geðrækt en sinna jafnmörgum einstaklingum á ári hverju.

Samantekt og túlkun niðurstaðna, 9. maí 2023

Pálína Sigrún Halldórsdóttir.


Innra starf

Á árinu voru haldnir nokkrir starfsdagar þar sem starfið var rýnt og upplýsingar úr þeirri vinnu og samantektum kjarnafunda voru nýttar til að efla starfið. Öllum Grófarfélögum var velkomið að taka þátt í þróun starfsins bæði gegnum auglýsta starfsdaga sem og kjarnafund þar sem dagskrá er rýnd reglulega og uppfærð í samræmi við óskir þátttakenda í Grófinni er svo annar lykilþáttur. Þátttakendum býðst að koma með nýja dagskrárliði, tillögur að viðburðum og öðru sem unnið var að í sameiningu í upphaf vorannar, í upphafi sumars og í upphafi haustsins. Einnig var gert sérstakt desemberuppbot. Alls voru því 5 dagskrártímabil þetta starfsár.

Starf Grófarinnar gefur fjölmörg og mismunandi tækifæri þar sem sumir nýta Grófina sem samveru, aðrir vinnustað í starfsendurhæfingu, nemar í starfsnám og enn aðrir mæta í dagskrárliði sem þátt í sínu bataferli ásamt öðru sem þeir stunda. Afar margir nýta Grófina líka til að brjótast úr félagslegri einangrun og veikindum, hitta annað fólk í svipuðum sporum og æfa sig í að takast á við mismunandi aðstæður ásamt því að fræðast um fjölbreyttar bataleiðir og taka næstu skref í átt að bættum lífsgæðum sem felast í svo mörgu og mismunandi hlutverkum.

Hópastarf og fræðsla fyrir þátttakendur

Grófarfólk átti þess kost að taka þátt í ýmsu starfi tengdu ýmsum viðburðum og hópastarfi. Að jafnaði voru á bilinu 17-27 dagskrárliðir á dagskrá Grófarinnar á síðastliðnu ári auk stakra viðburða ss. fræðslu, kynninga, félagslegra. Á eftirfarandi mynd má sjá fjölda mætinga í hvern hóp fyrir sig sem var skráður. Athugið að sumir hópar byrja ekki fyrr en á haustönn á meðan aðrir starfa alltárið sem skýrir mun lægri mætingartölur í þeim hópum.



Unghugastarfið

Unghugar Grófarinnar eru félagsskapur fólks sem vill hitta aðra á svipuðu reki og mynda jákvæð uppbyggileg tengsl sín á milli, en verkefni hópsins miða sérstaklega að ungu fólki á aldursbilinu 18-30 ára. Stuðningshópurinn er einkum ætlaður ungu fólki sem glímt hefur við andlegar áskoranir, er félagslega einangrað eða óvirkt í samfélaginu. Unghugahópurinn er opinn einstaklingum á hvaða stað sem er í bataferlinu, og fer starfssemin fram á jafningjagrundvelli. Starfið fer fram tvisvar sinnum í viku og samanstendur annars vegar af umhyggju- og sjálfsvinnufundum og hins vegar skemmtilegum viðburðum. Með þátttöku í Unghugastarfinu fær fólk tilgang og tækifæri sem skipta það máli, myndar tengsl við jafningja og getur tekið að sér hlutverk innan Unghuga Grófarinnar. Grófin skapar umgjörð utan um

starfið, stuðning og hvatningu til verkefnisins en Unghugar eru hluti af Grófinni sem slíkri og hafa aðgang að öllu sem þar er í boði á dagskrá Grófarinnar. Unghugar Grófarinnar voru upphaflega stofnaðir árið 2014 en var stofnaður á ný árið 2020 í þeirri mynd sem hann er í dag.

Unghugar héldu ótrauðir áfram þrátt fyrir hópurnar fór á laggirnar í þessari mynd í miðjum COVID-faraldri. Unnið var að frekari endurbótum á Unghugaherberginu sem nú er orðið einstaklega notalegt. Einnig var skipuð skemmtinefnd þar sem nokkrir Unghugar tóku að sé að skipuleggja og halda viðburði fyrir hópinn sem ýmist voru kvöldstundir í Grófinni, menningarferðir og fræðsla. Eins og árið áður voru haldnir nokkrir opnir viðburðir þar sem öllum Grófarfélögum var boðið að koma á viðburði Unghuga, en meðal annars var öllum boðið upp á pizzu og bíoferð. Þátttaka í Unghugum hefur, eins og flestum hópum, gengið í bylgjum en hefur þó myndast tryggur kjarni í starfsseminni.

Erasmus

Í samstarfi við Hugarafli gafst Grófinni í fyrsta sinn kostur á að taka þátt í Erasmus verkefni er miðar að gerð efnis um að efla tilfinningalega seiglu ungs fólks gegnum samvinnu og ýmis konar verkefni. Sonja Rún, verkefnastjóri Unghuga, var valin í það verkefni og fékk hún í framhaldinu boð um að fara til Rúmeníu í mars 2022 til að halda slíkt námskeið ásamt öðrum þjálfurum frá öðrum samtökum á Íslandi, Spáni, Póllandi og Rúmeníu. Tveir Unghugar Grófarinnar fóru með í verkefnið sem þátttakendur í námskeiðinu en alls voru það sex manns sem ferðuðust frá Íslandi til Rúmeníu í lok maí 2022 þar sem þau dvöldu í viku á litlu hóteli nálægt Cluj-Napoka. Rúmlega 30 ungliðar tóku þátt í námskeiðinu frá aðildarlöngunum. Upphaflega átti verkefnið að fara fram í mars en var því frestað vegna óæskilegra aðstæðna í Evrópu á þessum tíma. Verkefnið gekk með eindæmum vel og hefur opnað hurðir fyrir frekara samstarfi við aðildarsamtökin í framtíðinni. Mikið af fræðsluefni og verkefnum tengdum tilfinningalegri seiglu fékkst úr verkefninu og hefur það verið notað í ýmsum hópum innan Grófarinnar hingað til og hefur það reynst vel.

Unnið að forvörnum og dregið úr fordómum gagnvart fólki með geðraskanir Geðfræðsla í skólum

Geðfræðsluteymi Grófarinnar var endurnýjað á haustönn 2022 og í því teymi eru nú 7 manns. Undirbúningur að fræðslu í 9 bekkjum grunnskóla Akureyrarbæjar sem og Virkinu ungmennahúsi var verkefni haustannar en Grófin hafði þá fengið beiðni um geðfræðslu frá fræðslu- og forvarnarfulltrúa skólanna. Fyrirkomulagi geðfræðslu var breytt svolítið frá því sem áður var og þannig að áherslan í grunnskólafræðslu er nú að fræða almennt um geðrækt geðheilsu og bjargráð sem svo fylgdi batasaga þar sem farið er inn á það sem einstaklingur sem lendir í krísu á unglingsárum getur upplifað og hvernig hægt er að nýta úrræði í samfélaginu sem og ýmis bjargráð til að ná bata. Einnig var sótt um í lýðheilsusjóð fyrir fræðslufyrirlestur og handleiðslu frá Heilsu og Sálfræðiþjónustunni fyrir teymið í þeim tilgangi að tryggja að faglega sé að farið og að teymisfélagar fái stuðning ef á þarf að halda. Teymið mun svo fara í grunnskólana í mars-apríl 2024

Vefmiðlar og greinaskrif

Samfélagsmiðlar Grófarinnar voru teknir í gegn í byrjun árs 2022 með hjálp Silju Bjarkar og Öldu Karenar í Jæja Media. Síðan þá hefur Sonja Rún, verkefnastjóri kynningamála, séð um að halda úti Instagram og Facebook síðu Grófarinnar að mestu. Þessar breytingar voru gerðar á þeim forsendum að eitt af markmiðum Grófarinna er að auka fræðslu og vitundavakningu og að berjast gegn fordómum. Aukin viðvera Grófarinnar á samfélagsmiðlum hefur stuðlað að því að fleiri vita af Grófinni en nokkru sinni fyrr, hefur auðveldað auglýsingamál og Grófinni tækifæri til að fræða almenning um geðheilsu, geðrækt, jafningjastuðning og hugmyndafræði Grófarinnar. Á síðastliðnu ári hafa fylgjendur okkar á samfélagsmiðlum aukist um nokkur hundruð og erum Grófin að ná til hópa sem ekki vissi af Grófinni áður. Stefnan er sett á að halda áfram að þróa þessa miðla að einhverju leyti árið 2023 og kynna inn nýtt efni.

Enn hafa bæst við upplýsingar og efni inn á heimasíðu Grófarinnar – www.grofinak.is – en meðal annars höfum við reynt að efla bloggfitusinn. Nokkrar greinar sem skrifaðar voru af þátttakendum Grófarinnar birtust á síðunni ásamt því að lagst var í að setja inn greinar sem annað hvort varða Grófina eða hafa verið skrifaðar af þátttakendum og birtar annars staðar. Haldið var áfram að þróa ensku útgáfu heimasíðunnar til að auka aðgengi allra að upplýsingum um Grófina.

Samstarf og samvinna

Á árinu var Grófin áfram í samstarfi við ýmsa aðila hér á Akureyrarsvæðinu sem vinna að geðheilbrigðismálum og bættum hag fólks. Stór hluti af því er að kynna starfsemi Grófar fyrir fólki sem gæti nýtt sér starfið og má þar nefna geðheilsuteymi HSN, Göngu- og legudeild geðdeildar SAK, Háskólann á Akureyri, Starfsendurhæfingu Norðurlands, Vinnumálastofnun og Virkið ungmennahús. Samstarf við Sak hefur falist í því að þau bjóða sínum skjólstaðingum upp á að koma í Grófina á fimmtudögum þegar virnihornið er í gangi og hefur það lukkast mjög vel. Út frá því samstarfi hefur orðið til annar fastur dagskrárliður í Grófinni, kínaskák á föstudögum og er hans starf í miklum blóma.

Kór fyrir alla verið með æfingar í Grófinni á miðvikudagskvöldum og er enn. Kór fyrir alla er sönghópur sem Anna og Hermann stýra en öllum er velkomið að koma og syngja með og Grófarfélagar þurfa ekki að greiða mánaðargjald. Kórinn hefur 2x hlotið samfélagsstyrki til starfsins. Geðverndarfélag Akureyrar hefur einnig aðsetur í Grófinni og heldur sína fundi þar.

Á árinu var virkt samstarf milli iðjubjálfa Geðheilsuteymis HSN og Grófarinnar og Grófin fékk til sín aðila í sjálfboðaliðastarfsprufur frá atvinnuhópi Starfsendurhæfingar Norðurlands og einnig hafa verið hér nemar á 4. ári frá Háskólanum á Akureyri. Þrír nemar í hjúkrun sinnu 40 klst samfélagsþjónustu í Grófinni á árinu sem hluta af áfanga í samfélagshjúkrun og áðurnefnd Agnes Ýr lauk 355 klst starfsnámi í iðjubjálfunarfræðum á vetrarmánuðum ársins og var það í fyrsta sinn sem nemi lýkur starfnámi til starfsréttinda í Grófinni sem er afar ángæjulegur áfangi fyrir Grófarstarfið.

Rekstur Grófarinnar

Opinberir styrkir

Rekstur Grófarinnar byggir áfram að stærstu leyti á fjármagni frá ríkisaðilum en þar eru stærstir þjónustusamingur við félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, alls 15 milljónir á ári til og með árinu 2024 og við Vinnumálastofnun upp á 9 milljónir á ári, til og með 2023.

Leitað var áfram eftir þjónustusamningi frá Akureyrarbæ á árinu og á haustdögum 2022 var til viðbótar sóst eftir aðstoð vegna húsnæðismála og fengum við allmarga að borðinu á árinu í þeim viðræðum, m.a. bæjarstýruna okkar. Velferðaráð veitti í kjölfarið Grófinni styrk upp á eina milljón úr sjóði sínum. Samtal um þjónustusamning eða frekari stuðning vegna húsnæðismála er er enn ólokið.

Styrkur frá Virk og Norðurorku

Virk starfsendurhæfingarsjóður hefur úthlutað Grófinni virknistuðningi síðustu fjögur ár og sækir Grófin árlega um þann styrk. Styrkurinn er mikilvægur liður í að efla virknistarfið. Norðurorka endurnýjaði þriggja ára samning um bakhjarlastyrk sem gildir fyrir árin 2022-2024 og er það einkar ánægjulegt. Það er Grófinni afar mikilvægt að finna til þess að fyrirtæki í nærumhverfinu séu til í að styðja við starfsemina.

Ýmsir styrkir

Grófin fékk líka allnokkra peningastyrki frá ýmsum aðilum. Þar má nefna að Legatsjóður Jóns Sigurðssonar hefur styrkt Grófina síðustu ár og í ár rennur styrkurinn, ein milljón króna, í að efla hreyfingu en samið var við Hannes Bjarna, sjúkrahjálfa hjá Eflingu um að halda úti hóptíma fyrir Grófarfélaga á föstudögum frá 1. September 2022. Á árinu fékk Grófin ýmiskonar gjafir og styrki frá velunnurum, m.a. má nefna afrakstur Kótelettukvölds Hvítasunnukirkjunnar og herrakvölds Lionsklúbbsins Hængs. Kaffi Ilmur gaf bæði vinnu og veitingar í heilan dag til styrkar Grófinni, Slippfélagið gaf málningu fyrir húsnæðið, afslættir og gjafir í formi hljóðfæra, spila og matar komu frá Rín, Kjartani Kjartanssyni, Profectus og Dominos og Elín Ósk bauð upp á ókeypis jóganámskeið.

Við fengum einmitt líka marga góða gesti sem fræddu okkur um hin ýmsu málefni. Þar má nefna Ingu Dagný Eydal, hjúkrunarfærðing og Ragnheiði Gunnbjörnsdóttur, dáleiðara. Í byrjun árs var svo stigið mikilvægt skref fyrir Grófina geðrækt þegar Agnes Ýr fékk að taka sitt lokavettvangsnám til starfsréttinda í iðjuþjálfunarfræðum hér en hún útskrifaðist í júní og gekk svo til liðs við hópinn að hausti sem iðjuþjálfari á starfssamningi.

Grófin geðrækt vann að því að komast á almannaheillaskrá skattsins og er nú á meðal þeirra sem einstaklingar og fyrirtæki geta styrkt að ákveðnu marki árlega og fengið í staðin afslátt af skattstofni.

Úr ársreikningi Grófarinnar

Upplýsingar um rekstur Grófarinnar eru fengnar úr ársreikningi 2022 sem unninn var af Hagþjónustunni. Hér má sjá aðaltölur:

Rekstrarreikningur			
	Sund.	2022	2021
Rekstrartekjur:			
Framlög og styrkir	2	38.654.307	32.932.905
Aðrar tekjur	5	20.000	0
Rekstrartekjur alls		<u>38.674.307</u>	<u>32.932.905</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	8	29.465.516	23.508.807
Annar rekstrarkostnaður	9	6.865.675	6.688.554
Rekstrargjöld alls		<u>36.331.191</u>	<u>30.197.361</u>
Afkoma (tap) án fjármagnsliða		2.343.116	2.735.544
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur og verðbætur	11	385.648	39.427
Vaxtagjöld og verðbætur	12	(90.744)	(35.601)
		<u>294.904</u>	<u>3.826</u>
Afkoma (tap) af reglulegri starfsemi		<u>2.638.020</u>	<u>2.739.370</u>
Afkoma (tap) ársins		<u>2.638.020</u>	<u>2.739.370</u>

Eins og áætlað var á síðasta ári var umfang starfsemi Grófarinnar árið 2022 örlítið meira en áður. Unghugastarfið hélt áfram að vaxa, leitt áfram af Sonju Rún sem einnig hélt kynningarmálum áfram af krafti, fleir bættust við hópinn á vinnusamninga en ánægjulegt er að Grófin geti stutt við fólk í endurhæfingu til vinnu með slíku en inn í það kemur VMST með endurgreiðslur á móti launum frá Grófinni. Virknistuðningur jókst mikið á árinu og er það gleðilegt því að í gegnum það fær fólk sem hingað sækir ýmislegt án endurgjalds. Inn í það er koma viðburðir eins og jólahlaðborð, litlu jól, bakstur, þorablót, sumargrill, líkamsrækt, jóga, dekur dagar og ýmislegt efni til að vinna úr.

Starf Grófarinnar vex með auknum fjölda þátttakenda og þarf því að halda áfram að vinna að því að fá styrktaraðila eða þjónustusamninga til að mæta aukinni þörf. Það má segja að skóinn kreppi helst hér í Grófinni hvað varðar einstaklingsráðgjöf fagaðila, bæði tengt endurhæfingarferli og samvinnu við önnur úrræði þá og þegar þarf meira en 1-2 samtöl fyrir einstaklinga til að hjálpa þeim. Það er því mikilvægt að leggja vinnu í að halda vel utan um verkefni sem rata á okkar borð, grípa tækifæri sem gefast til að efla okkur, gera gæðakannanir eins og þá sem vitnað er í hér fyrr í ársskýrslunni. Við þurfum að og skrá niður það sem máli skiptir sem nota má til að tryggja að Grófin geti haldið áfram að bjóða fólki upp á tækifæri til sjálfvinnu og uppbyggilegs starfs á jafningjagrunni. Grófin er og verður áfram mikilvægur partur af samfélaginu hér Norðanlands og verður áfram opin, gjaldfrjáls, batamiðuð og lýðræðisleg.

Grófin Geðrækt

Hafnarstræti 95, 4. hæð, 600 Akureyri

Sími: 462-3400

Netfang: grofin@outlook.com

Vefsíða: <https://www.grofinak.is/>

Fésbók: Grófin Geðrækt

Instagram: Grofinak

Ritstjóri: Pálína Sigrún Halldórsdóttir

palina.grofin@outlook.com

Ritstjórn: Stjórn Grófarinnar og Kjarnafundur Grófarinnar

Ársreikningur: Kristinn Ketilsson, Hagþjónustunni

Samþykktir

1.gr.

Félagið heitir **Grófin Geðrækt**

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er að **Hafnarstræti 95, 600 Akureyri**

3. gr.

Tilgangur félagsins er að vinna að bættri geðheilsu félagsmanna og aðstandenda þeirra. Enn fremur að stuðla að bættri geðheilsu í samfélaginu sem heild. Til grundvallar skal leggja hugmyndafræði valdeflingar og batamódelið.

4. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með rekstri Grófarinnar geðræktar, sem vettvangs fyrir fræðslu og hópastarf fyrir notendur, aðstandendur, fagfólk og áhugafólk um bættu geðheilsu. Starfsemi Grófarinnar miðar einnig að því vinna að forvörnum og minnka fordóma. Enn fremur að skapa vettvang fyrir alla þá sem vilja vinna að geðverndarmálum á jafningjagrunni, hvort sem þeir kallast notendur geðheilbrigðisþjónustunnar, fagfólk, aðstandendur eða áhugafólk.

5. gr.

Félagsaðild. Allir sem vilja vinna að markmiðum félagsins geta gengið í það.

6. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Á aðalfundi hafa þeir félagsmenn atkvæðisrétt sem gengið hafa í félagið fyrir lok síðasta almanaksárs.

7. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en í **mars** ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar

4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar og tveggja skoðunarmanna reikninga.
7. Önnur mál

8.gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 aðalmönnum og 4 varamönnum sem allir eru skipaðir eða kosnir til eins árs í senn, á aðalfundi félagsins. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Undirritun þriggja stjórnarmanna skuldbindur félagið.

9.gr.

Félagið skal fjármagna sig með fjárframlögum og styrkjum sem sótt eru til opinberra aðila, fyrirtækja, frjálsra félagasamtaka og einstaklinga í nafni Grófarinnar Geðræktar.

10. gr.

Rekstrarafgangi af starfsemi félagsins skal varið til að efla starfsemi Grófarinnar geðræktar og til hagsbóta fyrir notendur.

11. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með auknum meirihluta (2/3) atkvæða og renna eignir þess til Geðverndarfélags Akureyrar.

Lögin með breytingum á 1. og 8. grein voru samþykkt á aðalfundi 24.3.2021. Lög þessi voru upphaflega samþykkt á stofnfundi.

Dagsetning: 21. janúar 2016

Hér koma undirritanir stofnenda / stjórnarmanna, nöfn og kennitölur

1. Brynjólfur Ingvarsson 271041-3069
2. Jón Þór Aðalsteinsson 020267-3999
3. Hjördís Frímann 130854-2654
4. Kristján Helgason 151263-3569
5. Soffía Tryggvadóttir 090548-3529
6. Magnús Gíslason 191146-2399
7. Eymundur Eymundsson 060867-3809
8. Viktor Stefán Björnsson 040893-4169
9. Hrafn Gunnar Hreiðarsson 180688-3159
10. Trausti Traustason 130357-2889
11. Gréta Baldvinsdóttir 200888-3599
12. Pétur Heiðar Snæbjörnsson 041084-2949
13. Laufey Björg Gísladóttir 081157-6939
14. Valdís Eyja Pálsdóttir 251068-5269
15. Friðrik Einarsson 190765-3859

